

■ **ÍPRÓTTIR** | Norrænt sumarmót geðfatlaðra í Pelamörk í Noregi

# Íslensku þátttakendurnir urðu Norðurlandameistarar í blaki

Vin er eitt af fjórum athvörfum Rauða kross Íslands fyrir geðfatlaða. **Ingveldur Geirsdóttir** kíkta þangað í kaffi og spjallaði við nokkra sem tóku þátt í Norrænu sumarmóti geðhjálparsamtakanna sem haldið var í Noregi á dögnum.

**I**nn í slökunarherbergi Vinjar sest blaðamaður ásamt Arnari Valgeirssyni starfsmanni, Elínu Símonardóttur, Eyjólf Kolbeins og Garðari Sólva Helgasyni sem öll eru tíðir gestir í Vin. Arnar, Elín og Eyjólfur fóru í Noregsferðina en Garðar er gjaldkeri Víðsýnar sem er ferðafélag innan Vinjar.

„Þetta var í tuttugasta sinn sem Norðurlandamót geðhjálparsamtaka var haldið. Löndin skiptast á að halda það, í fyrra var það í Færeyjum, í ár í Noregi og á næsta ári verður það í Danmörku. Það var haldið hér á Íslandi í annað sinn árið 2001,“ segir Eyjólfur sem nú þegar hefur farið fimm sinnum á þessi mót.

„Geðhjálp hefur komið að þessum sumarmótum fyrir Íslands hönd mörg undanfarin ár, en þetta kostar peninga og fyrir síðasta mót fengum við hjá Vin leyfi frá þeim og Norrænu geðhjálparsamtökunum um að koma að þessu, en ferðafélagið okkar skiptir þar sköpum,“ segir Arnar.

## Unnu blakmótið

Mótið var haldið í Pelamörk í Noregi og tóku um níufu manns þátt í því frá öllum Norðurlöndunum nema Færeyjum. Fjölmennasti hópurinn kom frá Íslandi – alls átján manns.

Það sem stendur upp úr frá ferðinni í ár er blakmót sem er alltaf partur af dagskrá mótsins. „Við erum Norðurlandameistarar geðfatlaðra í blaki,“ segir Elín og ánægjan með það leynir sér ekki. „Við kepptum við Noreg um fyrsta sætið, ég segi nú ekki að það hafi verið burst heldur munaði aðeins tveimur stigum að leikslökum. En við burstuðum allar þjóðirnar,“ bætir hún við. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenski hópurinn vinnur þennan titil en blak er eina íþróttgreinin sem keppt er í á mótinu. Fyrir mótið æfðu þau grundvallaratriðin í blaki,

einu sinni í viku, í tvo mánuði í Íþróttahúsi fatlaðra undir stjórn Júlíusar Agnarssonar sem er formaður Íþróttafélags fatlaðra. Keppnisandinn er greinilega mikill í hópnum því stefnt er á að vinna bikarinn aftur á næsta ári. „Við ætlum að æfa miklu meira fyrir næsta mót og mala þetta,“ segir Elín.

## Ljóðalestur og dans

Annars er nóg um að vera á Norðurlandamóti geðhjálparsamtakanna. Dagskráin er þéttskipuð allan tíman af skoðunarferðum og fyrirlestur. Hópurinn skoðaði meðal annars stærsta orkuver Norsk Hydro í Noregi, postulínsverksmiðju í Þorsgrunn, sigldi með fljótabátinum Telemarken og skoðaði sveitir Pelamerkur.

Svo hélt hjúkrunarfræðingur fyrirlestur um hvernig sjúklingarnir sjálfir þyrftu að koma meira að málum þegar bati þeirra og heilsa eru til umræðu og norskur þingmaður hélt fyrirlestur um heilbrigðismál.

Hvert þátttökuland heldur einnig kvöldvöku. Elín segir að kvöldvaka íslenska hópsins hafi slegið í gegn. „Við sungum, lásam upp úr ljóðabókinni Daganna kvæðakver sem er eftir Leif Jóelsson sem var með í ferðinni, Eyjólfur og Guðbjörg Sigurbjartsdóttir sýndu dans og margt fleira var gert.“ Eyjólfur segir að það hafi verið gerður mjög góður rómur að þessari kvöldvöku og að Íslenski hópurinn komi yfirleitt mjög vel undirbúinn á þær.

„Það væri okkur ókleift að ferðast svona til útlanda og taka þátt í slíku móti nema við hefðum þennan stuðning frá fyrirtækjum og félagsamtökum sem veitt hafa ferðafélaginu okkar styrki undanfarin ár,“ segir Eyjólfur, hin taka heilsuhugar undir það og vilja koma þökkum á framfæri til allra sem styrktu þau til fararinnar.

Arnar segir Vin hafa eignast marga vini og skapað góð sambönd



Blakliðið hampar fyrstu verðlaunum. F.v. eru Sigurbjörn Heiðarsson, Elín Símonardóttir, Alfonso Juan Basco, sjálfboðaliði frá Spáni, Arnar Valgeirsson fararstjóri, Guðbjörg Sveinsdóttir, forstöðumaður Vinjar, og Sigurður Valur Sigurðsson. Fyrirliðinn, Þórður Þórðarson er fyrir framan.



Eyjólfur Kolbeins hafði það hlutverk að draga íslenska fánann að húni á hverjum morgni á mótinu.

með því að fara á Norðurlandamótið og út frá því hafi þau fengið í heim-sökn þátttakendur frá öðrum þjóðum.

„Það er gaman að hitta aðrar

þjóðir og kynnast þeirra anda, svo er það líka þroskandi og allir hafa gott af því að ferðast,“ segir Arnar og bætir við að svona ferðir geri það að verkum að heilsa allra sé í toppformi eftir þær. „Það gefur öllum mikið að ferðast, hvort sem þeir eiga við veikindi að stríða eða ekki.“

Vin var stofnað árið 1993 og er það fyrsta athvarf Rauða krossins á Íslandi en síðan hafa verið stofnuð athvörf og félög víðar. Geðhjálp var þá starfandi sem grasrótarsamtök en er nú orðið stórt félag.

Garðar gjaldkeri segir að í Vin mætist allir á jafnréttisgrundvelli og enginn tali þar niður til annarra. „Allir eru jafnir bæði starfsfólk og gestir. Hingað er alltaf hægt að koma og leita ráða og fá stuðning og félagsskap,“ segir Garðar.

Ferðafélagið Víðsýn stefnir á að fara í eina dagsferð innanlands í sumar. Annars voru allir ennþá í skýjunum eftir skemmtilega Noregsferð enda heppnaðist skipulagn-ing mótsins vel, veðrið var frábært og gaman að koma heim með glæsileg blakverðlaun.

[ingveldur@mbl.is](mailto:ingveldur@mbl.is)

Þeir sem vilja fræðast meira um Vin geta skoðað heimasíðuna [www.redcross.is](http://www.redcross.is).